

NÁMSVÍSIR

Vorönn 2016

Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja | s. 481-1950 | www.viskave.is | viska@eyjar.is



NÁMSLEIÐIR

Glímir þú eða barnið þitt við lestrarvanda eða lesblindu?

Viska kynnir hagnýtt námskeið fyrir lesblinda og aðra sem vilja læra að nýta helstu tækninýjungar við lestur, skrift og fleira. Á námskeiðinu kynnast þátttakendur þeim rafrænu verkfærum sem í boði eru og öðlast öryggi og færni í notkun þeirra undir leiðsögn fagmanna varðandi lesblindu.

Námskeiðið er sérlega hagnýtt og nýttist jafnt í starfi sem heima. Markmið námskeiðsins er

að bæta námstækni, skrift, auka lestrarhraða og lestrargetu þátttakenda.

Fyrir hverja?

Námskeiðið er fyrir alla sem hafa einhvern tölvugrunn en það er þó ekki skilyrði og geta þátttakendur jafnvel verið áhorfendur og þannig kynnst þeim verkfærum sem í boði eru. Þátttakendur mæta með eigin tölvu.

Hvenær?

Námskeiðið verður haldið í apríl og maí. Náms- og starfsráðgjöf Áhugasömum býðst aðstoð við val á námi þeim að kostnaðarlausu hjá náms- og starfsráðgjafa.

Verð kr. 12.000

Námið er styrkt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Færni í ferðapjónustu I

Færni í ferðapjónustu I er 60 kennslustundir og er henni skipt í þrjá 20 kennslustunda hluta. Á vorönn er ætlunin að kenna 20 stundir og seinni hlutann í haust. Srái menn sig til námsleiðarinnar er gert ráð fyrir þátttakendum í allan hlutann.

Námið er ætlað starfsmönnum í ferðapjónustu eða þeim sem stefna að starfi í greininni. Fyrsti hluti námsins getur hentað fyrir nýliða eða sumarstarfsfólk. Náminu er ætlað að efla persónulega, faglega og almenna færni til að veita gæðapjónustu og takast á við fjölbreytt úrlausnarefni í ferðapjónustu. Í því felst að efla jákvæð viðhorf til starfsins, til eigin færni og til starfsgreinarinnar. Að námi loknu eiga þátttakendur að hafa betri forsendur til að taka að sér flóknari verkefni, vera sjálfstæðir í starfi og færari um að bera ábyrgð á eigin símenntun.

Má meta til allt að 5 eininga.

Ætlað þeim sem starfa í ferðapjónustu, eru 20 ára og eldri og hafa ekki lokið framhaldsskóla.

Leiðbeinendur: Ýmsir

Verð: 12.000 kr.

Námið er styrkt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Raunfærnimat fyrir leiðbeinendur í leik- og grunnskóla og í þjónustugreinum

Á vorönn mun Viska bjóða upp á raunfærnimat í þjónustugreinum. Þetta raunfærnimat er ætlað leiðbeinendum í leik- og grunnskólum og í heilbrigðisgeiranum, sem hafa náð 25 ára aldri og hafa 5 ára starfsreynslu. Frábært tækifæri fyrir einstaklinga sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Hvað er Raunfærnimat? Raunfærnimat gengur út á kortleggja færni sína og auka möguleika til að bæta við sig í námi eða annari uppbyggingu. Margir einstaklingar á vinnumarkaðnum hafa í gegnum áralanga reynslu byggt upp umtalsverða færni, en ekki lokið námi af einhverjum ástæðum. Þessir einstaklingar búa yfir raunfærni sem vert er að skoða og meta. Raunfærni er samantölgð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi.

Raunfærnimarsferlið er eftirfarandi:

1. Þátttaka skilgreind og skimunarviðtal hjá náms- og starfsráðgjafa
2. Færnimappa- Öll reynsla skráð og fylgigögnum safnað í persónulega möppu
3. Sjálfsmat í þeim áföngum sem eru til mats- framkvæmt með gátlistum
4. Matsviðtal- ákveðið hvaða áfangar fást metnir
5. Samantekt með náms- og starfsráðgjafa.

Í framhaldi af matinu er stefnt að því að bjóða upp á brúar og/eða brautarnám á haustönn.

Nánari upplýsingar er að fá í Visku og kynningarfundur verður auglýstur síðar.

Smiðja í gerð og eftirvinnslu myndbanda

Markhópur og markmið

Markhópur smiðu eru þau sem 20 ára eða eldri, hafa ekki lokið framhaldsskóla og eru á vinnumarkaði

- Í lotu I læri námsmenn með vinnu í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn sem miðast við byrjendur í starfi.
- Í lotu II læri námsmenn með því að vinna, samkvæmt verklýsingum nokkuð sjálfstætt, með leiðbeiningum og eftirliti sem miðast við nýliða á vinnustað.
- Í lotu I verði áhersla á undirstöðu- þekkingu, leikni og hæfni fyrir byrjanda í starfi. Lota I leggji grunn að verkum sem eru unnin í lotu II.
- Í lotu II verði áhersla á að bæta við og festa í minni þekkingu sem fékkst í lotu I og auka leikni til að vera fær um að vinna sem nýliði, samkvæmt verklýsingum undir eftirliti.

Leiðbeinandi: Sighvatur Jónsson margmiðlunarmaður

Hvar: Í húsnæði Visku að Strandvegi 50

Hvenær: Fyrri hluti á vorönn 2016 og seinni hluti á haustönn 2016

Fjöldi: ekki færri en 10 þátttakendur.

Lengd: 80 klukkustundir, skiptist á tvær annir

Verð: 28.000 kr.

STARFSTENGT NÁM

Vinnubúðir um vendinám

Þátttakendur fá sendar slóðir að kynningum til að horfa/hlusta á með góðum fyrirvara. Á námskeiðinu sjálfu verður byrjað á að vinna úr „heimavinnunni“ með umræðuhópum sem gera grein fyrir niðurstöðum sínum. Síðari hluti námskeiðsins byggir á „praktískum“ aðferðum fyrir kennara, s.s. ábendingar um hvað þurfi að gera í fyrstu skrefum endináms, undirbúningur kennara, nemenda og foreldra, samstarf kennara o.s.frv.

Leiðbeinandi: Sérfræðingar frá Keili

Hvar: Visku, Strandvegi 50

Hvenær: Föstudaginn 15. apríl

Fjöldi: Ekki færri en 10 þátttakendur.

Lengd: 4 -5 klst. vinnustofa í framhaldi af fjarnámi

Verð: 17.500 kr.

Samskiptafærni fyrir fólk í ferðamennsku

Námskeið með fjölmiðlakonunni Sirrý þar sem fjallað er um örugga tjáningu, góð samskipti og að veita góða þjónustu fyrir fólk sem starfar í eða hyggur á störf í ferðapjónustunni. Fyrirlestur og vinnustofa. Hagnýt ráð fyrir þá sem vilja skapa sér gott orðspor og laða til sín fleiri ánægða viðskiptavini.

Umfjöllunin er:

Framkoma og örugg tjáning fyrir fólk í ferðapjónustu. 2-3 klst. námskeið þar sem tekin er fyrir gestamóttaka, góð þjónusta, örugg tjáning, hvað mynd gefum við af okkur og samskiptafærni. Hentar fólki sem er í ferðapjónustu eða stefnir á það og vill geta komið fram af öryggi, tekið vel á móti fólki, veitt upplýsingar, sagt vel frá, haldið tölu, talað í hljóðnema, náð vel til fólks.

Leiðbeinandi: Sirrý Arnardóttir félags- og fjölmiðlafræðingur

Hvar: Í húsnæði Visku að Strandvegi 50

Hvenær: Mánudaginn 7. apríl

Fjöldi: Ekki færri en 10 þátttakendur

Lengd: 3-4 klst.

Verð: 9.500 kr.

Ferðapjónustutengd enska

Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa á hinum ýmsu stöðum og þurfa að eiga samskipti við fólk á ensku. Lögð er mest áhersla á uppbyggingu orðaforða, talæfingar, framburð og lítils háttar skrift og lestur. Unnið er í hópum, þorum eða hver fyrir sig.

Verð: Kr. 24.000

Fjöldi: Lágmark 8 manns

Kennari: Sarah Jane Hamilton

Tími: Hefst 1. mars

Kennsla fer fram tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30-19:30 og endar 12. apríl

TÓMSTUNDIR OG LISTIR



Íslensku- og prjónanámskeið

Viska ætlar að bjóða upp á 30 stunda íslenskunámskeið þar sem kennslan fer fram með því móti að prjónað er eftir íslenskum leiðbeiningum fyrst og fremst íslenskar prjónauppskriftir. Þátttakendur verða að hafa lokið námskeiðum 1 og 2 eða vera nokkuð vel talandi og lesandi á íslensku og hafa brennandi áhuga á handverki.

Skráning í síma 481-1111 og 481-1950 eða á viska@eyjar.is

Learning Icelandic and knitting – a 30 hour course

Viska is offering a 30 hour course in Icelandic for foreigners which will be done through knitting, using instructions in Icelandic as well as Icelandic knitting cards. This course is only for those who have finished Icelandic for foreigners 1 and 2, or can speak and read Icelandic relatively well; plus love knitting!

For registration and further information: T: 481-1111 and 481-1950 or viska@eyjar.is

Kurs robienia na drutach wg. Islandzkich przepisów

Viska oferuje 30 godzinny kurs robienia na drutach wg islandzkich przepisów. Osoby zainteresowane powinny rozumie i czyta po islandzku (uko czony kurs 1 i 2), oraz wykazywa du e zainteresowanie robutkami r cznymi.

Zapisy pod nr. Tel.: 481 1111 lub 481 1950 lub mail: viska@eyjar.is

Viska предлагает новый курс исландского языка, состоящий из 30 уроков,на котором обучение будет производиться параллельно вязанию по инструкциям на исландском языке. Особое внимание будет уделяться вязанию традиционных исландских узоров. Участники должны обладать удовлетворительным знанием исландского или закончившими 1 и 2 уровень обучения. И, конечно, любить рукодельничать.
Запись по телефонам: 481-1111; 481-1950 или на viska@eyjar.is

Ræktaðu þín eigin krydd

Námskeið um ræktun kryddjurta og notkun þeirra í matseld. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu tegundir kryddjurta sem rækta má í garðinum, sumarhúsalandinu, á svölunum, í eldhúsglugganum og með vatnsrækt. Farið er yfir ræktunarþætti, sáningu, for-ræktun og gróðursetningu. Fjallað um jarðveg, áburðargjöf og umhirðu, gaumur gefinn að helstu meindýrum og sjúk-dómum sem herja á jurtirnar og hvernig best er að verjast þeim. Farið yfir hvað þarf að gera til að ná góðri uppskeru. Kynning á tegundum og fræðst um nýtingu þeirra, geymsluaðferðir og möguleika í matseld. Námskeiðið er bæði verklegt og bóklegt. Námskeiðið er 2,5 klukkustundir.

Kennari: Auður I Ottesen garðyrkju-fræðingur
Hvenær: Laugardag 3. apríl kl 16:30-19
Staður: Viska Strandvegi 50
Verð: kr.5.900

Ræktaðu þitt eigið grænmeti

Auður I Ottesen garðyrkjufræðingur, einn höfundur bókarinnar Matjurtir og ritstjóri tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn, kennir á þessu sívinsæla námskeiði um matjurtaræktun. Námskeiðið hefur slegið í gegn og hefur verið afar vel sótt enda hefur áhugi Íslendinga á matjurtarækt farið ört vaxandi. Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt. Nemendur læra að sá, dreifplanta smáplöntum og umpotta. Nemendur hafa með sér heim nokkrar mis-munandi tegundir til framhaldsræktunar. Á námskeiðinu er farið yfir ræktun og umönnun. Greint er frá jarðvegsgerðum, hefðbundnum og óhefðbundnum rækt-unaraðferðum og áburðargjöf. Sýndar myndir af mismunandi ræktunarbeðum og fjallað um mikilvægi skjóls og birtu. Farið er yfir sjúkdóma og skordýr sem hrjá mat-jurtirnar og fjallað um notkun eiturefna. Einnig eru kynntar lífrænar lausnir gegn vágestum og sjúkdómum og nokkrum aðferðum við geymslu og matreiðslu lýst. Auk alls þessa eru kynntar fjöldi tegunda matjurta. Vönduð námsgögn og léttar veitingar. Námskeiðið er 5 klukkustundir.

Kennari: Auður I Ottesen garðyrkju-fræðingur.
Hvenær: Laugardaginn 3. apríl 10-15:30
Staður: Viska Strandvegi 50
Verð: kr. 13.800

Námskeið í moltugerð

Kyntar verða fjölmargar aðferðir við moltugerð: Opin moltugerð, Hörputurninn, þriggja kassa moltugerð, moltugerð í moltugerð-artunnu. Ormamoltugerð en ein næringar-ríkasta moltan fæst með ormamoltugerð sem bæði er möguleg utandyrá með ánamöðkum og moltugerð innandyrá með haugánum sem þrífast vel við stofuhita. Auk þessa eru kyntar vistræktaraðferðir þar sem matarleifar, lauf, gras og greinar eru nýttar í hraukræktarbeð sem gefa gróðri til langs tíma næringu.

Hvenær: 4. apríl kl 13:00-15.30
Staður: Viska Strandvegi 50
Verð: kr. 5.900

Skrautskrift byrjendanámskeið

Á námskeiðinu læra þátttakendur undir-stöðuatríði skrautskriftar og að ná tókum á gotneska skrautskriftarletrinu. Þátt-takendur hafa með sér skrifblokk eða stílabók. Innifalið í verði er skrautskriftarpenni gyll-ingarpenni og forskriftarblokk.

Kennari: Sigurfinnur Sigurfinnsson
Tími: Haldið þriðjudaga, hefst 1. mars (ef næg þátttaka næst) 2016 kl. 19:30-21:30
Lengd: 3 kennslustundir (5 skipti).
Staður: Viska Strandvegi 50
Verð: 3.000 kr.



Vinnustofa með Sossu

Vinnustofa í olíumálun fyrir einstaklinga með nokkra grunnþekkingu og reynslu í myndlist. Áhersla verður lögð á að þátt-takendur vinni að verkefnum sínum langa helgi og leitast við að aðstoða hvern og einn eftir bestu getu. Farið verður yfir mismundandi tækni og notkun olíulit í myndlist með áherslu á notkun spaða. Þátttakendur taka með sér liti og striga (40x50 eða 50x60) pensla og spaða, betur auglýst síðar. Við byrjum á stuttum inngangi síðdegis föstudeginum 15. apríl þar sem m.a. verður tekin fyrir áherslur í myndbyggingu og litameðferð. Á laugardeginum byrjum við fyrir hádegi á hugmyndavinnu og myndbyggingu. Eftir hádegi sama dag og fram á síðdegi sunnudaginn 17.apríl – málun.

Leiðbeinandi: Sossa http://www.sossa.is/
Verð: 19.500 kr.-

Skriðsundnámskeið fyrir byrjendur

Á námskeiðinu verður byrjað frá grunni og öll undirstöðuatríði skriðsunds kennd. Námskeiðið er fyrir alla þá sem hafa áhuga á því að læra skriðsund, fyrir fólk á öllum aldri.

Áhersla er lögð á rólegar tækniæfingar þar sem undirstöðuatríði skriðsunds eru kennd með markvissum hætti. Kostur þess að læra skriðsund er að álag á bak, hné og mjaðmaliði er mun minna en í öðrum sundaðferðum.

Markmið:

- Að ná tókum á grunnatriðum skriðsunds
- Að geta synt tæknilega rétt skriðsund
- Að geta nýtt sér skriðsund til heilsu-ræktar og ánægju.

Staður og stund: Námskeiðið hefst þriðjudaginn 5. apríl og er í 8 skipti. Kennst verður á þriðjudögum og fimmtu-dögum kl.18:00-19:00.
Kennari: Guðný Jensdóttir íþróttakennari
Skráning: viska@eyjar.is eða í síma 481-1111 og 481-1950

Hundapjálfun - Grunnhlýðni

Vinnusmiðjan er bæði bókleg og verkleg og hentar hundum á öllum aldri, en hvolpar þurfa að vera orðnir átta vikna til að fá að taka þátt.
Lýsing: Á námskeiðinu fá þátttakendur innsýn inn í huga hundsins, eðli hans og atferli. Þátttakendur læra aðferðir til að þjálfa hunda í grunnhlýðni, eins og t.a.m. að hlýða innkalli, sitja/liggja, bíða og ganga í taum við hæl. Farið er í mikilvæg atriði til að fyrirbyggja hegðunarvanda-mál. Albert fjallar einnig um fóðrun og umhirðu hunda. Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt. Hundarnir verða að vera bólusettir og ormahreinsaðir til að fá að taka þátt á námskeiðinu.
Leiðbeinandi: Albert Steingrímsson hundapjálfari hjá hundalif.is
Hvar: Í húsnæði Visku að Strandvegi 50 og utandyrá
Hvenær: Námskeið er föstudag til sunnudags 1.-3. apríl
Fjöldi: ekki færri en 10 þátttakendur.
Lengd: 12 klst. Bóklegt og verklegt.
Verð: 19.900 kr.

MATREIÐSLA

Námskeið í pylsugerð og beikongerð

Á þessu námskeiði þá tekur matreiðslu-meistarinn Hinrik Carl Ellertsson fyrir þessa æfagömlu hefð að útbúa pylsur, geyma pylsur og hvernig sé best að sjóða þær og geyma eftir að lögun hefur verið gerð. Farið verður í gegnum undir-stöðuatríði og helstu afbrigði af pylsum, einnig verður tekið fyrir hrápylsugerð og reyking sem og söltun. Einnig verður tekið fyrir hvernig laga á beikon frá grunni og fá nemendur að spreyta sig í undirbúningi á þessu góðgæti. Á námskeiðinu verða einnig gerðar 4 tegundir af pylsum sem þátttakendur taka svo heim með sér að loknu námskeiði. Að lokum verður farið í hvernig má nýta betur villibrað í pylsur og rúllugerð.

Um kennarann
Hinrik Carl útskrifaðist í matreiðslu í kringum aldamótin og hefur unnið síðan við þessa iðn, ýmist sem matreiðslumaður, yfirkokkur eða rekstrarstjóri. Einnig er hann yfirkennari hjá Grillskólanum í Garð-heimum og eigandi að Bjórákademíunni sem hefur sérhæft sig í námskeiðum með mat og bjór. Í dag vinnur hann sem rekstarstjóri á Dill Restaurant og Hverfis-götu 12. Námskeiðið tekur 3,5 tíma og

verður haldið sunnudaginn 3. apríl

Verð: KKennari: Hinrik Carl Ellertsson
Tími: 3. apríl kl. 10:00
Lengd: 3 -4 tímar
Staður: Skólaeldhús Barnaskóla
Verð: 17.500 kr.

Bjórgerð

Námskeið fyrir þá sem vilja kynnst leyndardóma bjórgerðarinnar betur. Farið er yfir helstu ferli bjórframleiðslunnar og hvað mimunandi aðgerðir hafa í för með sér fyrir bjórinn. Þrælskemmtilegt nám-skeið fyrir bjórnördinn. 3-4 tímar. Haldið laugardaginn 2. apríl klukkan 15:00.

Kennari: Hinrik Carl Ellertsson
Tími: 2. apríl kl. 15:00
Lengd: 3 -4 tímar
Staður: Skólaeldhús Barnaskóla
Verð: 11.000 kr.

Hin fullkomna steik Sous Vide

Ein af skemmtilegri eldunaraðferðum sem fram hafa komið sl. ár er án efa „sous vide“ eldunaraðferðin. Sous vide (undir þrýstingi) er eldunarað-ferð sem á síðustu misserum hefur verið að ryðja sér til rúms í venjulegum eld-húsum. Aðferðin er þó meira en tvö hundruð ára gömul og hefur verið notuð af mörgum matreiðslumönnum frá því á sjöunda áratugnum. Hún byggist á því að pakka hráefninu í matarplast og elda það við kjörhita í ákveðinn tíma- sem tryggir að hráefnið (kjöt, fiskur, grænmeti) verður alltaf fullkomlega eldað. Engin áhætta. Hefðbundnar aðferðir byggja á því að elda t.d. kjöt við háan hita með það að markmiði að kjarnhiti þess nái vissu marki. Með sous vide er þessu „snúið á hvolf“ með því að elda hráefnin við þann hita sem sóst er eftir. Þannig fáum við alltaf, og ég meina alltaf, fullkomna niðurstöðu-lungamjúka og ótrúlega ljúffenga bita. Farið verður í gegnum grunnhugmyndir í sous vide eldamennsku. Svo eru að sjálfsögðu gerðar tilraunir með nokkur vel valin hráefni. Allt innifalið í verði námskeiðsins, ma.a vín með matnum og uppskriftamappa. Námskeiðið tekur 3,5-4 tíma og verður haldið sunnudaginn 3. apríl

Kennari: Hinrik Carl Ellertsson
Tími: 3. apríl kl. 15:00
Lengd: 3 -4 tímar
Staður: Skólaeldhús Barnaskóla
Verð: 17.500 kr.

UENDINÁM

Leið að bættu líferni

Ævintýri bragðlaukanna - leyfum bragð-laukunum að fara á flug í listræna ævin-týraferð. Anna Marta kemur til VISKU með fallegan, litríkan og frábæran mat. Hún vinnur aðeins aðal hreint og ferskt hráefni þar sem aðal uppistaðan er grænmeti, sósur og hráfæðisbitar. Á námskeiðinu fá þátttakendur að að kynnst:

- Hvernig bæta má meira grænmeti og ávöxtum inn í daglegt líf.
- Hvernig millimál getur verið orkumikið með færri hitaeiningum.
- Hvernig spara má pening með því að nesta okkur fyrir daginn.

- Hvernig börnin okkar eru hvött til að borða meira grænmeti.
- Hvaða áhöld eru notuð til að gera matinn meira spennandi.
- Hvernig við getum nýtt tímann okkar betur til matargerðar.
- Hver eru einkenni fæðuþols og skyndibiti – hvað er það?

Hægt að gera sér glaða kvöldstund með vinum,vinnufélögum eða fjölskyldunni. Uppskriftir eru sendar rafrænt að námskeiði loknu.
Hvar og hvenær? Haldið laugardaginn 12. mars hér í Vestmannaeyjum í húsnæði Visku Strandvegi 50
Verð: 9.000 allt innifalið



Leiktu aðalhutverk í eigin lífi

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja kynna sér eðli og orsakir meðvirkni og hvernig má vinna gegn meðvirkni og stuðla að betri sjálfsmynd og heilbrigðari samskiptum/samböndum. Eitt aðaleinkenni meðvirkni er tilhneiging til að einbeita sér óhóflega að öðru fólki, líðan þess, viðbrögðum og hegðun. Þetta getur skapað óheilbrigð mynstur tilfinninga og hegðunar og komið fram sem stjórnsemi eða undirgefni, sektarkennd og léleg sjálfsmynd okkar. Á námskeiðinu er fræðslu, hópvinna, verkefnavinna og heimaverkefni.

Leiðbeinandi: Guðrún Björg Ágústs dóttir fjölskylduráðgjafi
Tími: 16. og 17. apríl. 10.00-15:00 hvorn dag
Verð: 18.000 kr.

Að sleppa takinu

Lausn frá meðvirkni, ætlað aðstandendum einstaklinga með einhverja fíkn. Námskeiðið er fyrir þá sem vilja vinna gegn meðvirkni og stuðla að betri sjálfsmynd og heilbrigðari samskiptum/samböndum. Þegar við sleppum takinu uppgötvim við þann kraft sem býr í „ég veit ekki“ og „ég get ekki“. Á námskeiðinu er fræðsla, hópvinna, verkefnavinna og heimaverkefni. Að námskeiði loknu mun leiðbeinandi bjóða uppá hópvinnu ef áhugi er fyrir hendi.

Leiðbeinandi: Guðrún Björg Ágústs dóttir fjölskylduráðgjafi
Tími: 16. apríl kl 16:00-18:00
Verð: 11.500 kr.-



TÖLVUR

Office 365

Fara yfir Office 365 almennt

- sýna allar einingar
- Hvað fylgir Office pakkanum

OneDrive for Business

- Tilgangur
- Grunn virkni
- Munur á Personal og for Business
- Samhæfing
- Deiling innan og utan
- Vinna í skjölum samtímis

Póstur

- Almennt
- Groups

Sites / SharePoint

- Fara yfir virkni og hvernig hægt að nota
- Skjalastjórnun
- Aðgengi (læsingar og/eða deiling)
- Útgáfusaga

Delve

- Sýna almennt
- Vs „hefðbundin“ leit
- Borð

Yammer

- Almennt
- Hvernig hægt að setja inn á sites

Mobile aðgengi

- Office app
- Sites (í vafra)

Leiðbeinandi: Hermann Jónsson frá Advania
Tími: Haldið um miðjan apríl
Fyrir hverja: Alla þá sem vinna með Office 365

TÖLVUNÁMSKEÐ FYRIR ELDRI BORG-ARA OG ÓVANA

Spjaldtölvan

Nemendur læra að nota spjaldtölvu.

Markmið:

- Að þátttakendur geti nýtt sé spjaldtölvu í daglegu lífi.
- Að þátttakendur læri helstur stillingar spjaldtölvu.
- Að þátttakendur læri að setja upp i-Tunes og tengja spjaldtölvuna.

Kynnt verða helstu smáforritin sem fylgja nýrri spjaldtölvu og leikir og þrautir sem hægt er að sækja í App-store og Google Play-store eða Windows-store og sækja ný öpp (smáforrit). Best er að þátttakendur verða með sína eigin spjaldtölvu. Fimm eintök eru til hjá Visku

Lengd: Fjögur skipti tvær klukkustundir í senn
Kennarar: Eva Káradóttir og Jónatan G. Jónsson.
Hvar: Viska, Strandvegi 50
Hvenær: Milli 15-17 mánudaga og fimmtudaga
Verð: 10.000

Tölvan - Internetið

Gott námskeið fyrir þá sem vilja kynnst hinum ýmsu möguleikum tölvunnar. Á þessu námskeiði verður farið yfir möguleika Internetsins og tölvupósts. Ýmsir gagnlegir og skemmtilegir vefir skoðaðir. Kennt verður hvernig leita má að upplýsingum á netinu og hvernig nota má netið til að þýða texta t.d. úr dagblöðum úr einu tungumáli yfir á annað. Mismunandi möguleikar á útprentun af netinu kenndir.

Lengd: Þrjú skipti samtals 6 klst.
Námsmarkmið: Læra á tölvu frá grunni
Kennari: Eva Káradóttir og Jónatan G. Jónsson
Hvenær: Föstudaga 15:00-17:00
Verð: 8.000

Tölvan - Grunnnámskeið

Námskeið fyrir þá sem hafa litla eða enga tölvuþekkingu en langar að styrkja kunnáttu sína. Farið er í grunnatriði Windows stýrikerfisins og þau forrit sem nánast nauðsynlegt er að kunna einhver deili á. Kennd er almenn ritvinnsla með Word.

Lengd: Fjögur skipti samtals 8 klst.
Námsmarkmið: Læra á tölvu frá grunni
Kennari: Eva Káradóttir og Jónatan G. Jónsson
Hvenær: Mánudaga og fimmtudaga 15:00-17:00
Verð: 10.000

FJÖLMENNT

Lærðu á spjaldtölvu

Nemendur læra að nota spjaldtölvu.

Markmið:

- Að þátttakendur geti nýtt sé spjaldtölvu í daglegu lífi.
- Að þátttakendur læri heldur stillingar spjaldtölvu.
- Að þátttakendur læri að setja upp i-Tunes og tengja spjaldtölvuna.

Kynnt verða helstu smáforritin sem fylgja nýrri spjaldtölvu og leikir og þrautir sem hægt er að sækja í App-store og Google Play-store eða Windows-store og sækja ný öpp (smáforrit). Þátttakendur verða að eiga sína eigin spjaldtölvu.
Lengd: 8 klukkustundir
Kennarar: Eva Káradóttir og Jónatan G. Jónsson.
Hvar: Viska, Strandvegi 50
Hvenær: Í boði verðar tveir hópar.

Skapandi og skemmtileg tölvuvinna

Skapandi og skemmtileg vinna í tölvum þar sem notuð verða einföld forrit til að búa til kvikmyndir, laga til ljósmyndir og gera hreyfimyndir og tónlist.

Leiðbeinandi: Eva Káradóttir og Jónatan G. Jónsson
Verð: 10.000 kr.

Teikninámskeið fyrir einstaklinga með fötlun

Á námskeiðinu er unnið með teikningu og málun með blýanti og litum. Áhersla er lögð á að ýta undir sköpunargleði þátttakenda og virkja ímyndunarafl þeirra. Þátttakendur kynnst ýmsum aðferðum og notkun margvíslegra efna. Stefnt er að því að þátttakendur geti nýtt sér þekkingu sína og færni sjálfum sér til gagns og ánægju. Kennt er einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn fimm skipti.

Verð: 8.500 kr. efnisgjald er innifalið
Kennari: Sigurfinnur Sigurfinnsson



NÁMS- OG STARFSRÁÐ-GJÖF HJÁ VISKU

Hefur þú verið að velta fyrir þér námi og störfum?

Viska býður upp á margvíslega ráðgjöf fyrir einstaklinga, hópa og fyrirtæki. Ráðgjöfin er ókeypis fyrir einstaklinga og þar er aðstoðað við að:

- finna upplýsingar um nám og störf.
- kanna áhugasvið og færni.
- skoða möguleika á námi og starfi.
- setja sér markmið.
- setja upp ferilskrá.
- taka ákvarðanir um nám og störf.
- takast á við hindranir.
- takast á við prófkvíða.
- takast á við persónuleg málefni.
- takast á við námsörðugleika (t.d. lesblindu o.fl.).
- tileinka sér árangursrík vinnubrögð í námi.
- undirbúa sig undir háskólanám.
- vinna færnimöppu.

Hægt er að bóka viðtal og fá nánari upplýsingar hjá

Sólrunu Bergþórsdóttur náms- og starfsráðgjafa í síma 481-1950 eða á solrunb@eyjar.is



Skráning á námskeið og nánari upplýsingar á **viskave.is**, **viska@eyjar.is** eða í síma **481-1950**



Styrkur þinn til náms

- Landsmennt er fræðslusjóður samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun beint til fyrirtækjanna sjálfra.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Landsmenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.landsmennt.is



Landsmennt



Þín leið til fræðslu

- Sveitamennt styrkir starfsmenntun beint til sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.sveitamennt.is



Sveitamennt



Menntun skapar tækifæri

- Ríkismennt styrkir starfsmenntun beint til stofnana ríkisins á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.rikismennt.is



Ríkismennt



Átt þú rétt á styrk ?

- Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarféлага
- Sjómennt styrkir starfsmenntun sjómanna beint til fyrirtækja í útgerð.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sjómenntar
- Kynntu þér rétt þinn á www.sjomennt.is



Sjómennt

Skipholti 50 b, 3.hæð • 105 Reykjavík • Sími 599 1450 • landsmennt@landsmennt.is



Skráning á námskeið og nánari upplýsingar á viskave.is viska@eyjar.is eða í síma

481-1950

Viska er líka á [facebook](https://www.facebook.com/viska)



ER HAFTENGÐ NÝSKÖPUN FYRIR ÞIG?

Nýtt nám á háskólastigi í Vestmannaeyjum

- Viltu skapa þér tækifæri í alþjóðlegum sjávarútvegi?
- Viltu búa til frumgerð af nýrri vöru?
- Hefur þú áhuga á að kynnast nýju fólki?
- Viltu vinna verkefni í tengslum við atvinnulífið?
- Langar þig að fara nýjar leiðir í námsvali?
- ...Eða viltu einfaldlega auka rekstrarskilning þinn?

Kynntu þér námið á vef Háskólans í Reykjavík: hr.is/vd/haftengd-nyskopun



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

